Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN LINDA ÁRNADÓTTIR
2022-08-31 16:50:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓHANNA HLÍN AUÐUNSDÓTTIR
2022-08-31 17:00:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Landsvirkjun

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgata 7
101, Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2022
E-2022-246/00.11

Efni: **Umsögn um vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030**

Vísað er til máls 112/2022, Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030, sem auglýst er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Um metnaðarfullt skjal er að ræða sem tekur á mikilvægu málefni og tengist aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Vegvísirinn er innihaldsríkur og setur fram nytsamleg markmið sem og aðgerðir. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni Vegvísisins og fagnar góðu framtaki og vinnu þeirra sem staðið hafa að gerð hans. Landsvirkjun fagnar enn fremur góðu samráði í þessu ferli og vísar þar til þátttöku fulltrúa fyrirtækisins á vinnustofum á seinni stigum verkefnisins. Það var mat Landsvirkjunar að sú þátttaka hefði verið nytsamleg og vill fyrirtækið gjarnan halda því samstarfi áfram og leggja sitt að mörkum með því að tileinka sér vegvísinn sem og deila þekkingu og reynslu af vistvænni mannvirkjagerð.

Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í loftslags- og umhverfismálum leggur sig fram um að lágmarka umhverfisáhrif starfsemi sinnar. Sem dæmi má nefna að árið 2019 setti Landsvirkjun sér það markmið að verða kolefnishlutlaus árið 2025 og felur það markmið einnig í sér allar stærri framkvæmdir fyrirtækisins. Landsvirkjun vill við þetta tækifæri benda á reynslu og verkefni fyrirtækisins á síðustu árum sem gætu verið nytsamleg og viðeigandi sem dæmi um verkefni tengt vistvænni mannvirkjagerð.

- Í kafla 5.1 í II. hluta skýrslunnar er fjallað um lífsferilsgreiningar og nefnt að alls hafi um tíu lífsferilsgreiningar verið gerðar á íslenskum mannvirkjum. Vert er að nefna að Landsvirkjun hefur látið framkvæma sex lífsferilsgreiningar fyrir fimm aflstöðvar fyrirtækisins auk rannsóknarvindmylla á Hafinu. [1] Á grundvelli lífsferilsgreininganna býr fyrirtækið yfir umfangsmikilli þekkingu á og gögnum varðandi loftslagsáhrif mannvirkja fyrirtækisins. Sú þekking er svo notuð til að lágmarka loftslagsáhrif komandi verkefna. Dæmi um það er notkun rafbors í rannsóknar- og vinnsluborunum fyrir stækkun Þeistareykjastöðvar.
- Á bls. 30 í II. hluta skýrslunnar er fjallað um hagræna hvata til að lágmarka losun vinnuvéla á framkvæmdatíma. Í því samhengi má nefna að í nýlegu útboði fyrir jarðvinnuverkefni á vegum Landsvirkjunar var losun gróðurhúsalofttegunda frá vinnuvélum verktaka ein af valforsendum. Bjóðendur voru beðnir um að skila inn áætlun um losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytisnotkunar á framkvæmdatíma með tilboði sínu og gilti losunin 10% á móti verði við val á verktaka. Í samningi eru fjárhagslegar kvaðir verði raunlosun yfir áætlun og að sama skapi fjárhagslegir hvatar sem hvetja verktaka að vera undir áætlun sinni. Auk þess má nefna að Landsvirkjun hefur í mörg ár gert umfangsmiklar kröfur til verktaka varðandi umhverfismál sem

[1] http://gogn.lv.is/files/2020/2020-034.pdf
http://gogn.lv.is/files/2018/2018-048.pdf
http://gogn.lv.is/files/2018/2018-064.pdf
http://gogn.lv.is/files/2019/2019-030.pdf
http://gogn.lv.is/files/2015/2015-129.pdf

m.a. miða að því að lágmarka notkun jarðefnaeldsneytis í framkvæmdaverkefnum á vegum fyrirtækisins.[2]

- Í kafla 5.3 í II. hluta skýrslunnar er minnst á mikilvægi þess að raska ekki kolefnisríkum jarðvegi að óþörfu. Landsvirkjun tekur tillit til kolefnisinnihalds í jarðvegi lónstæða við hönnun fyrirhugaðra vatnsaflsvirkjana og var það t.d. gert við hönnun Hvammsvirkjunar og inntakslóns hennar (Hagalóns). Fyrirtækið býr einnig yfir mikilli þekkingu á loftslagsáhrifum lóna og hefur stuðlað að umfangsmiklum rannsóknum á losun gróðurhúsalofttegunda frá lónum fyrirtækisins.[3] Auk þess stendur fyrirtækið fyrir umfangsmikilli landgræðslu sem m.a. miðar að því að binda kolefni í jarðvegi.
- Í 6. kafla II. hluta skýrslunnar er fjallað um græna fjármögnun sem tæki til að efla vistvæna mannvirkjagerð. Landsvirkjun hefur sett upp grænan fjármögnunarramma í samræmi við áherslur fyrirtækisins á sjálfbærni og loftslagsmál og var fyrsta íslenska fyrirtækið til að gefa út græn skuldabréf í mars árið 2018 sem notuð voru til að fjármagna græna raforkuvinnslu í tveimur okkar nýjustu aflsstöðvum, Þeistareykjastöð og Búrfellsstöð II.[4]
- Á bls. 21 í II. hluta skýrslunnar er minnst á göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá með íslensku timbri. Landsvirkjun var verkkaupi verkefnisins og er fyrirtækið stolt af því að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi sem sýndi fram á að íslenskt timbur getur vel uppfyllt styrk, staðla og vottanir sem krafist er af burðarvið mannvirkja. Við bindum vonir við að verkefnið muni nýtast í fleiri verkefni á komandi árum.[5]
- Á bls. 29 í II. hluta skýrslunnar er minnst á dæmi um markmið sem ýmsir aðilar hafa sett varðandi losun vinnuvéla. Þar er minnst á markmið Landsvirkjunar um að hætta að kaupa jarðefnaeldsneyti 2030. Markmið þetta á einungis við það eldsneyti sem Landsvirkjun kaupir sjálf en á ekki við um verktaka sem vinna á vegum fyrirtækisins. Landsvirkjun bendir á að það kemur ef til vill ekki nógu skýrt fram í skýrslunni.
- Á bls. 76 í II. hluta skýrslunnar er minnst á greiningu á vistvottunarkerfum fyrir innviðaverkefni sem Vegagerðin lét gera. Landsvirkjun hefur látið vinna sambærilega greiningu fyrir virkjunarsvæði.[6] Þá er minnst á greiningu sem unnin var fyrir Landsvirkjun um orkuskipti í framkvæmdum. Greiningin hefur verið birt og hægt er að vísa í hana í skýrslunni.[7]
- Aðgerð 2.7 í Vegvísinum miðar að því að finna fordæmisgefandi verkefni á Íslandi þar sem komið er í veg fyrir kolefnislosun á framkvæmdasvæði og gera leiðbeiningar að kolefnislausu framkvæmdasvæði á grundvelli þess. Landsvirkjun hefur áhuga á að taka þátt í slíku verkefni enda samræmist þetta vel áherslum fyrirtækisins um að vera leiðandi í umhverfis- og loftslagsmálum og markmið fyrirtækisins um kolefnishlutleysi og að hætta kaupum á jarðefnaeldsneyti. Við höfum nú þegar tekið mikilvæg skref í átt að kolefnislausu framkvæmdasvæði, m.a. í áðurnefndu framkvæmdaverkefni þar sem losun frá vinnuvélum var ein af valforsendum í útboði, og munum halda áfram þeirri vegferð okkar í komandi verkefnum.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Jóhanna Hlín Auðunsdóttir
Forstöðumaður, Loftslag og grænar lausnir

---

[2] https://prismic-io.s3.amazonaws.com/landsvirkjun-vefur/993c34e0-d5cf-424c-be02-ee29b488722d_LEI-0237+Kr%C3%B6fur+sem+Landsvirkjun+gerir+til+verktaka+og+%C3%BEj%C3%B3nustua%C3%B0ila+var%C3%B0andi+umhverfism%C3%A1l.pdf
[3] http://gogn.lv.is/files/2021/2021-032.pdf
[4] https://www.landsvirkjun.is/graen-fjarmognun
[5] https://www.landsvirkjun.is/frettir/ny-gongu-og-reidbru
[6] http://gogn.lv.is/files/2017/2017-034.pdf
[7] http://gogn.lv.is/files/2021/2021-044.pdf